

54. sveitarstjórnarfundur Fljótsdalshrepps, Végarði, 06.08 2013, kl. 13.30

Mættir til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr Þórhallsson, Lárus Heiðarsson. Þorvarður Ingimarsson mætti kl. 14.00.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Fjallaskarðsskáli
3. Laugarfellsskáli
4. Gistihús við Végarð
5. Aðalfundur SSA 2013, kosning 1 fulltrúa og 1 varamanns
6. Náttúruminjaskrá- Gilsárdalur
Bókun frá fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 24.07
7. Vegamál
 - a) Útboð-vegur milli Hrafnkelsstaða og Upphéraðsvegar
 - b) Slóði á Hafursárufis
 - c) Vegur að Laugarfellsskála
 - d) Slóði að Fjallaskarðsskála
8. Beiðni Forsætisráðuneytis dags 25.06, um stofnun 2ja fasteigna (þjóðlendna) Villingadalur og Múlaafréttur
9. Bréf
Skipulagsstofnun dags. 13.06
10. Umhverfisstyrkir
Eyjólfur Ingvason og Þórdís Sveinsdóttir, Melum
11. Fjárbeiðnir
Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
12. Fundargerðir
HAUST 27.06
13. Önnur mál
 1. Skýrsla oddvita
Á næstunni verður Melarétt teiknuð upp af Verkfræðistofunni Mannvit.

Fulltrúar frá Austurbrú, Ásta Kristín Sigurjónsdóttir og Jón Pálsson mættu til fundar við oddvita 3. Júlí. Í undirbúningi er að gefa út Austurlandsblað og verið að athuga með þátttöku sveitarfélaga á svæðinu.

Jöfnunarsjóður hefur lagt fram áætlun um framlög til sveitarfélaga úr sjóðnum á árinu 2013. Ekki er þar gert ráð fyrir að Fljótsdalshreppur fái framlög, en á sl. ári námu framlög úr sjónum um 176 þús per mann. Umtalsverð tekjuskerðing verður því á milli ára. Framlög hafa verið breytileg á undanförunum árum og á árinu 2006 voru engin framlög til Fljótsdalshrepps en á því ári endurkafið um ofgreitt framlag frá fyrri árum.

Innanríkisráðuneytið leitar eftir samstarfi við sveitarfélög um þjónustu við hælisleitendur.

Vinnuskólinn starfaði frá 24. júní til 18. júlí. 4 unglingar voru við ýmis störf s.s. umhirðu Végarðslóðar, borið í tréverk í Melarétt, týnt rusl, hlaðnir standar úr grjóthellum fyrir gönguleiðaskilti við Ranaskóg og upphaf gönguleiðar að Strútsfossi, málað inn í hesthúsi við Laugarfell og sandbornir stígar þar. Síðast dag vinnuskólans var farin í hefðbundna óvissuferð, sem að þessu sinni var farin að Mjóeyri við Eskifjörð og þar farin bátsferð.

Oddviti var í sumarfríi þrjár vikur í júlí og sá varaoddviti um afleysingu.

Landsvirkjun hefur sent Fljótsdalshreppi skýrslurnar : LV- 2013-084 Fiskirannsóknir á vatnasviði Lagarfljóts, Jökulsár á Dal, Fögruhlíðarár og Gilsár 2011 og 2012 og LV-2013-085 Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2012.

2. Fjallaskarðsskáli

Skálinn er kominn upp og stutt í lokaúttekt.

3. Laugarfellsskáli

Neysluvatn er samkvæmt eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirliti Austurlands fullnægjandi. Neysluvatnsleiðsla fór í sundur nýlega, en það náðist fljótlega að ráða niðurlögum lekans. Framkvæmdum við stærri laugina hefur verið frestað fram til haustsins í samráði við rekstraraðila.

Gunnþórunn vék af fundi

4. **Gistihús við Végarð.** Fyrir liggur erindi frá eigendum Fljótsdalgrundar ehf um framlengingu samnings á leigu gistihúsa við Végarð. Samþykkt að ganga til samninga um áframhaldandi leigu við þau Jósef Valgarð Þorvaldsson og Helgu Hallbjörgu Vigfúsdóttur.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

5. **Aðalfundur SSA 2013, kosning 1 fulltrúa og 1 varamanns.** Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitfélagsins og varaoddviti til vara.

6. Náttúruminjaskrá- Gilsárdalur

Bókun frá fundi bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 24.07. Kynnt, varðar skráningu í Náttúruminjaskrá.

7. Vegamál

- a) Útboð-vegur milli Hrafnkelsstaða og Upphéraðsvegar. Tilboð verða opnuð þriðjudaginn 13. ágúst. Verkið verður boðið út í tveimur hlutum og framkvæmdum verður lokið 2015 með klæðningu. Samhliða framkvæmdum verður bílastæði við Hrafnkelsstaði klætt. Reiðleið er fyrirhuguð framhjá fjárhúsum á Grænastekk og niður á gamla veginn neðan við Vallholt.
- b) Slóði á Hafursárufu. Varðar lagfæringar á vegslóða í Þjóðgarðinum eftir vorleysingar.
- c) Vegur að Laugarfellsskála. Eftir er að laga úrrennsli við Laugará. Rætt var um að hefla veginn fyrir haustið.
- d) Slóði að Fjallaskarðsskála. Slóðin var lagfærð fyrir fjárflutninga í vor og svo þurfti að laga nokkra staði áður en nýji skálinn var fluttur.

8. Beiðni Forsætisráðuneytis dags 25.06, um stofnun 2ja fasteigna (þjóðlendna) Villingadalur og Múlaafréttur. Kynnt og vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

9. Bréf

Skipulagsstofnun dags. 13.06. Kynnt, beiðni um lykiltölur úr aðalskipulagi. Oddviti hefur svarað erindinu.

10. Umhverfisstyrkir

Eyjólfur Ingvason og Þórdís Sveinsdóttir, Melum. Samþykktur hámarksstyrkur.

11. Fjárbeiðnir

Ferðafélag Fljótshéraðs. Samþykkt beiðni um 30 þús kr. styrk vegna Perluleiks.

12. Fundargerðir

HAUST 27.06. Kynnt.

13. Önnur mál.

Erindi frá Þórhalli Borgarssyni /Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum, dags 01.08, þar sem skorað er á Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulþjóðgarðs, bæjarstjórn Fljótshéraðs og sveitarstjórn Fljótshrepps að tryggja fjármagn á næsta fjárhagsári til viðhalds á vegslóða frá Sauðárkofa um Kolludrag að Snæfellsskála.

Í umræðu um stofnun Vatnajökulþjóðgarðs og eftir stofnun hans hefur umræddur vegaslóði verið talin mikilvæg samgönguleið innan þjóðgarðsins. Sveitarstjórn tekur undir með Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum um að leita verði leiða til að bæta slóðann.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.17.30

Lárus og Þorvarður rituðu fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)